

Nd.

73. Frumvarp

til laga um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfelags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 51, 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um fasta starfsmenn Búnaðarfelags Íslands.

Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfelags Íslands úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rjett til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsg. 4. greinar laganna, enda láti hann ekki af starfinu með rjetti til lífeyris.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.